

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1370 frá 7. apríl 1993 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík, og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 6. apríl 1993.

F. h. r.

Atli Freyr Guðmundsson.

Steinunn Bjarmann.